

Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

02. tbl. • Febrúar 2003

Sjávarútvegur og iðnaður sammála um gengi krónunnar

Í Fiskifrétum 7. febrúar 2003 er birt meðfylgjandi grein eftir Kristján Ragnarsson, formann LIÚ. Þar kemur fram sú skoðun að mikil styrking krónunnar frá því í fyrra sé orðið eitt helsta vandamál þjóðarinnar.

Sjávarútvegur og iðnaður eru sammála um vandann sem stafar af háu gengi krónunnar og einnig nauðsyn þess að Seðlabankinn haldi áfram að lækka vexti. Hins vegar ber þeim enn mikið í milli til hvaða úrræða eigi að grípa til að leysa vandann til frambúðar. Útvegurinn vill halda í krónuna sem grundvöll sjálfstæðrar peningastjórnar til að mæta breytilegum aðstæðum í efnahagslífinu. Iðnaðurinn vill hins vegar taka upp evruna og losna við veika mynt sem skapar sjálf sveiflur og mikinn kostnað fyrir samkeppnisgreinarnar.

Í janúarblaði Íslensks iðnaðar er áramótahugleiðing sem ber yfirskriftina „Heimatilbúinn vandi.“ Þar segir Vilmundur Jósefsson, formaður SI m.a.: „...eigendur og forráðamenn fyrirtækja eiga erfitt með að skilja hvernig það má vera að það henti okkur Íslendingum einum þjóða að búa við sífellda óvissu og sveiflur í þessu efni. Þeir skilja ekki hvers vegna það er nauðsynlegt og jafnvel gott fyrir okkur að búa ár eftir ár við helmingi hærri vexti en keppinautarnir. Þeir eru fáir í þessum hópi sem trúá því að það sé gott fyrir okkur að hafa litla og sveiflukennda mynt vegna þess að gengi krónunnar aðlagast svo fljótt efnahagssveiflum eins og það er orðað. Mennt hafa nefnilega tekið eftir því að síðasta uppsveifla kom ekki úr hafinu í

formi aukins afla eða hækkandi verðs á sjávarafurðum. Niðursveiflan kom heldur ekki til vegna verðfalls eða aflabrests. Sveiflan var heimatilbúin og átti sér einkum rætur í hinni veiku mynt okkar.“

Í grein Kristjáns „Aðild að Evrópusambandinu er útilokuð,“ sem birtist í Morgunblaðinu 7. nóvember 2002, kveður við annan tón. „Umræðan um hugsanlega aðild okkar að Evrópusambandinu hefur tengst umræðu um að við ættum að taka upp hina sameiginlegu mynt sambandsins, evruna. Því er ekki að neita að því fylgir ákveðið hagræði, sérstaklega fyrir ferðamenn, að hafa eina mynt þegar ferðast er til margra landa. Svo er að skilja á sumum stjórnámálönnum að það eitt ætti að nægja til þess að við tækjum upp hina sameiginlegu mynt. En því fer víðsjarri. Efnahagslíf á Íslandi er svo gjörólíkt því sem er á meginlandi Evrópu að þar eigum við enga samleið. Það getur ekki komið til álita að við fórnum þeim hluta sjálfstæðis okkar, sem gerir okkur kleift að bregðast við breyttum aðstæðum í efnahagslífinu.“

Sjá ritstjórnargrein Sveins Hannessonar um þetta mál.

Dorsteinn Þorgeirsson

FISKIFRÉTTIR 7. febrúar 2003

FRÉTTIR

Styrking krónunnar þjóðarvandamál — segir formaður LIÚ

„Styrking krónunnar er mikið áhyggjuefni og veldur vaxandi vandræðum. Á einu ári, frá febrúar 2002 til febrúar 2003, hefur dollarinn lækkað um 24%, sterlingspundið um 12% og evran um 5,5%. Meðalgengið hefur lækkað um 10%. Við erum að flytja út sjávarafurðir fyrir 130 milljarða króna á ári og menn sjá því hvaða áhrif þetta hefur á tekjur fyrirtækjanna í greininni,“ sagði Kristján Ragnarsson formaður LIÚ í samtali við Fiskifrétir.

„Þessi mikla breyting á gengi dollarsins ætí við eðlilegar aðstæður að færa okkur stórlækkun á olíuverði en því er ekki að heilsa. Þvert á móti er heimsmarkaðsverð á olíu að rjúka upp úr öllu valdið út af einhverjum stríðsótta,“ segir Kristján.

Formaður LIÚ var spurður hvort samtökin myndu krefjast einhverra aðgerða í þessari stöðu. „Það er engar kröfur hægt að gera. Gengið er frjálst og ræðst á opnum markaði. Hins vegar ætlast maður til þess að Seðlabankinn hugi að meginháttum í þessu efni og freisti þess að hafa áhrif til þess að jafna þessar sveiflur. Bankinn hefur ýmis ráð til þess. Hann getur t.d. lækkað vextina og haft þannig áhrif á gengið. Ennfremur gæti hann keypt gjaldeyri á markaði. Þetta ástand snertir ekki bara sjávarútveginn, heldur allan sam-

keppnis- og útflutningsiðnað svo og ferðamannaíðnaðinn sem hóinn er að gefa út verð í dollurum löngu fyrirfram. Þessi mikla og hraða styrking krónunnar umfram eðlileg mörk er að verða að þjóðarvandamáli,“ sagði Kristján Ragnarsson.

SI

Iðnþing 14. mars

Hver á að leiðrétta gengi krónunnar?

Fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar að flýta og auka verulega opinberar framkvæmdir á næstu 18 mánuðum hefur verið vel tekið. Aðstæður eru nánast eins og skólábókardæmi um það hvenær og hvernig eigi að grípa inn í með aðgerðir af þessu tagi. Annars vegar er tilefnið almennur samdráttur í atvinnulífínu og auknið atvinnuleysi. Hins vegar eru fyrirsjáanlegar stórfamkvæmdir á næstu árum, þannig að skynsamlegt virðist að flýta opinberum framkvæmdum nú en draga úr þeim þegar mestu umsvifin verða vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi á árunum 2005 og 2006. Óvíska hefur verið meiri verkefnaskortur en einmitt í jarðvinnu og mannvirkjagerð að undanfögnu.

Undirbúningur framkvæmda

Erfitt er að meta hversu hratt er hægt að bregðast við og hrinda fyrirhuguðum verkum í framkvæmd. Tímafrek og kostnaðar-

söm vinna við umhverfismat getur auðveldlega raskað þessum áformum. Undanfarið ár hefur framkvæmdatími stöðugt verið að styttest enda er það í takt við stíflari arðsemiskröfur og háan fjármagnskostnað. Því miður virðist fyrirhyggja við undirbúning framkvæmda ekki taka mið af þessari þróun. Allt of oft er gengið á verkátta vegna þess að hönnun og gerð útbodsgagna dregst á langinn eða ekki er ætlaður nægur tími til undirbúnings. Verst er þó þegar farið er af stað með framkvæmdir án þess að hönnun sé lokið. Kostnaður fer úr böndum, verkið verður lakara og allir skadast, sem að því koma.



Nú reynir á verkkaupa

Á næstu mánuðum þurfa menn að taka rösklega til hendinni ef þessi aðgerð á að koma að þeim notum sem til er ætlast. Það mun verulega reyna á þá opinberu aðila sem ætlað er að standa fyrir stóru auknum framkvæmdum og þó sérstaklega Vega-gerðina sem fær stærsta hlutverkið í þessum efnunum.

Seðlabankinn á öðru róli

Athygli vekur að daginn áður en ríkisstjórnin skýrði frá ofangreindum aðgerðum tilkynnti Seðlabankinn um 0,5% lækkun stýrivaxta sem þá eru orðnir 5,3%. Enn eru þeir þó miklu hærri en í nágrennalöndunum. Þessi tilkynning olli vonbrigðum því að atvinnulífið hefur kallað eftir meiri vaxtalækkun og samkeppnisgreinarnar telja að gengi íslensku krónunnar sé orðið herra en svo að það fái staðist til lengdar.

Undanfarið ár hefur verðbólgan minnkad hradar en búist var við og Seðlabankinn lækkaði jafnframt vexti hæg og minna en tilefni var til. Það er hárrétt sem forsætisráðherra sagði um þessi mál á Viðskiptaþingi 12. þ.m.: „Menn horfa til vaxta-ákvarðana og verðbólgu í sama vefangi, en manni virðist þó stundum að vextir séu ekki alltaf ákveðnir til þess að hafa áhrif á

verðbólguna, heldur sendir til þess að elta hana. Þannig á ekki að nota vexti. Vaxta-ákvarðanir verða að vita að framtíðinni vegna þess hve hægt vaxtabreytingar virka sem efnahagstæki.“

Tvíátta hagstjórn

Seðlabankinn, sem elti verðbólguna upp á við árin 1999-2000, hefur verið að tregðast við að elta hana niður á við allar götur frá mars 2001. Enn er aðhald í peningamálum mikið en á sama tíma blæs ríkisstjórnin til sóknar með auknum verklegum framkvæmdum. Efnahagsstjórnin er, eins og svo oft áður, tvíátta eins og veðurfræðingarnir kalla það. Það er afleiðta staða en það versta er að hátt raunvaxtastig og raungengi dregur kraftinn úr útflutnings- og samkeppnisgreinunum á sama tíma. Þetta eru þær greinar sem eiga að vera drifkrafturinn í hagkerfinu. Það verður einkennilegt aksturslag ef bremsað er á framhjólinum en gefið í á afturhjólinum.

Atvinnulífið taki framkvæðið

Hvaða viðbrögð getur atvinnulífið haft? Svárið má lesa úr áður nefndri ræðu forsætisráðherra: „Nú er hins vegar svo komið að menn verða að horfa fremur í eigin barm en til ríkisvaldsins, því forráðamenn fyrirtækja, að minnsta kosti samanlagðir, hafa mun meiri áhrif í þessum efnunum (til að tryggja að gengið sé rétt skráð), en sjálft ríkið og við eigum endilega að líta á þá breytingu sem öruggt merki framfara, en ekki sem afturför.“

Skilaboðin eru skýr: Seðlabankinn skilur ekki vandann. Telji forráðamenn fyrirtækjanna að gengi krónunnar sé orðið herra en þeir geta lifað við eiga þeir með samstilltu átaki að stuðla að leiðréttingu þannig að lífvænlegt jafnvægi gengis náist sem fyrst. Það er atvinnulífið sem á að taka frumkvæðið í þessum efnunum.

Sveinn Hannesson

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

02. töl. Febrúar 2003

ISSN 1022-7741

Fót í prentsmiðju: 18.02.2003

Prentvinnsla: Prentækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Odd Stefán,

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

á geta heimildar í slíkum tilvikum.

Í framboði til stjórnar Samtaka iðnaðarins

Eftirtaldir hafa gefið kost á sér í komandi kosningum



Vilmundur Jónsson
er í endurkjöri til formanns SI

Vilmundur Jónsson
f. 24 ágúst 1949
Framkvæmdastjóri
Gæðafæðis ehf.
Bíldshöfða 14, Reykjavík



Birgir Snorrason
f. 25. júní 1958
Framkvæmdastjóri
Brauðgerðar Kr. Jónssonar
& Co. Hrísalundi 3, Akureyri



Eiður Haraldsson
f. 17. janúar 1947
Framkvæmdastjóri Háfells
ehf. Krókhálsi 12, Reykjavík



Eyjólfur Sigurðsson
f. 6. mars 1960
Framkvæmdastjóri
Kornax hf. Korngörðum 11,
Reykjavík



Hörður Arnarson
f. 24. nóvember 1962
Forstjóri Marels hf.
Austurhrauni 9, Garðabæ



Guðlaugur Adólfsson
f. 30. mars 1960
Framkvæmdastjóri
Fagtaks ehf. Móbergi 10,
Hafnarfirði



Gunnar Gissurarson
f. 24. ágúst 1949
Framkvæmdastjóri
Gluggasmíðjunnar hf.
Viðarhöfða 3, Reykjavík



Ríkarður Már Ríkarðsson
f. 18. júní 1958
Tannsmiður
Tannsmíðaverkstæði RMR
Eiðistorgi 15, Seltjarnarnesi



Sigurður Bragi Guðmundsson
f. 3. febrúar 1958
Framkvæmdastjóri
Plastprents hf.
Fosshálsi 17-25 Reykjavík



Sigurður Sigurðsson
f. 21. apríl 1961
Framkvæmdastjóri
Steyrustöðvarinnar hf.
Sævarhöfða 4, Reykjavík



Sverrir D. Hauksson
f. 6. mars 1955
Framkvæmdastjóri
Gutenbergs, Síðumúla 16-18,
Reykjavík

Menntadagur iðnaðarins

Iðn- og tæknimenntun á næstu árum



Samtök iðnaðarins og Samiðn héldu Menntadag iðnaðarins í fyrsta sinn 16. janúar síðastliðinn. Efnt var til fjölmenns málþings um framtíð iðn- og tæknimenntunar þar sem m.a. nokkrir þingmenn fluttu erindi um stefnu flokka sinna í iðn- og tæknimenntun.

Sveinn Hannesson, Finnbjörn Hermannsson og Haraldur Friðriksson héldu erindi af hálfu fyrirtækja og atvinnulífs. Í máli sínu lögðu þeir áherslu á að stjórnvöld tækju á mállefnum iðn- og tæknimenntunar. Marka þyrfti stefnu og skapa skilyrði í skólakerfinu svo að iðn- og tæknimenntun hlýti verðugan sess.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis, flutti erindi í fjarveru menntamálaráðherra. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að samstæða næðist milli atvinnulífs og stjórnvalda um mállefni iðn- og tæknimenntunar. Ljóst væri að laga þyrfti menntakerfið að hrað-

fara breytingum í atvinnulífinu. Guðmundur sagði að menntamálaráðherra myndi innan tíðar boða hagsmunaaðila til fundar um aukna áherslu á iðn- og verkmenntun. Hjá ráðherra væri vilji til að viðurkenna þörf iðnmenntunar fyrir aukið fé.

Eftirtaldir fimm þingmenn lýstu sýn sinni og flokka sinna á framtíð iðn- og tæknimenntunar: Bryndís Hlöðversdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Margrét Sverrisdóttir.

Þingmenn voru sammála um að aukin fjárfesting í iðn- og tæknimenntun skilaði

okkur hæfari fyrirtækjum, betri fagmönnum og aukinni hagsæld. Margs konar sóknarfæri lægju í efltri iðnmenntun. Um væri að ræða störf sem fyrirtækin hefðu þörf fyrir og ættu að vera jafn eftirsóknarverð fyrir konur og karla. Þingmenn bentu á varhugaverðar afleiðingar þess ef iðn- og tækninámi yrði ekki gert hærra undir höfði. M.a. mætti búast við því að störf, sem annars væru unnin hér heima, flyttust úr landi.

Að loknu málþingi var þingmönnum og nokkrum starfsmönnum menntamálaráðuneytisins boðið í heimsókn í Marel hf. Í máli forstjóra fyrirtækisins, Harðar Arnarsonar, kom fram hve fyrirtækinu væri mikilvægt að hafa á að skipa úrvali af vel menntuðum og þjálfuðum iðn- og tæknimönnum.

Ingi Bogi Bogason

Danskur iðnaður vill stóraukið vægi raun- og tæknigreina

Samtök danskra iðnrekenda vilja efna til umræðu í þjóðfélaginu um grunnskólann og hafa af því tilefni gefið út bækling sem ber heitið „Nýjar leiðir að grunnskóla framtíðarinnar.“ Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóri Dansk industri, skrifar formála að bæklingnum og segir þar m.a. að meginhlutverk grunnskólans sé að tryggja að dönsk börn og unglingar öðlist trausta og faglega færni til að geta staðið sig í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi í framtíðinni.

Hlutverk grunnskólans sé því tvíþætt, annars vegar að koma til skila þjóðlegum og sögulegum arfi en hins vegar að búa nemendur undir að lifa og starfa í alþjóðlegu umhverfi. Þá leggur hann áherslu á að góð undirstaða, sem lögð er í grunnskólanum, sé fyrirtækjum mikilvæg. Þau hafi þörf fyrir vel menntað starfsfólk sem sé jafnokar starfsmanna erlendra fyrirtækja.

Í bæklingnum er því m.a. haldið fram að mesta ögrun grunnskólans sé fólgin í að bæta bæði hina faglegu kennslu og koma öllum nemendum til aukins þroska svo að þeir verði færari um að takast á við alþjóðlegt umhverfi sem tekur hröðum og flóknum breytingum. Sem dæmi um breytingarnar er nefnt að um fertugt hafi flestir skipt þrisvar um vinnu, margir noti ensku í daglegu starfi sínu og ræði jafnt við starfsfélaga í Árósum, Róm og Singapúr noti tölvuna í 6 tíma á dag og hafi skoðað 5000 vefsetur undanfarna sex mánuði.

Að hrökkva eða stökkva í hnattvæddu hagkerfi

„Fyrirtækin munu einblína í auknum mæli á heimsmarkaðinn þar sem starfsmenn og viðskiptavinir dreifast um allar heimsálfur en eru á sama tíma jafnnálægir og tölvumúsín. Þessi veruleiki hefur breytt starfsaðferðum fyrirtækja svo um munar.

Hæfileikinn til þekkingaröflunar, fjölmennarleg aðlögunarhæfni og sveigjanleiki eru þeir kostir sem mestu máli skipta í slíku umhverfi. Eftirspurn mun aukast eftir starfsmönnum sem búnir eru slíkum kostum. Alþjóðlegu fyrirtækin munu æ meir sækjast eftir dugmesta námsfólkinu í þeim löndum sem mennta flest afburðafólkið og státa af besta menntakerfinu,“ segir í bæklingnum.

Æ færri nemendur velja greinar á sviði raun- og tæknigreina

Eitt mesta áhyggjuefni forystumanna í dönskum iðnaði er hve fáir framhaldsskólanemendur velja nám í raun- og tæknigreinum. Það þykir skjóta skökku við að á sama tíma og stórneytendum nýrrar tækni fylgjar ört og flestir gera sér ljóst að tæknileg framþróun sé mikilvæg velja æ færri ungmenni nám í raun- og tæknigreinum. Afleiðingin er mikil slagsíða í menntunarmynstri menntaskólanna og æðri menntastofnunum yfirleitt. Á 10 árum hefur nemendum í eðlis- og efnafræði í dönskum háskólum og tækniskólum fækkað um tæp 70% og sú þróun þykir óviðunandi. Um þessar mundir nemur hlutur raun- og tæknigreina aðeins 25% í námskrá danskra grunnskóla að stærðfræði með talinni og það þykir hvergi nærri nóg.

Árangur danskra grunnskólanemenda undir meðallagi

Á undanförunum árum hefur sitthvað verið gert í Danmörku til að reyna að snúa þessari þróun við en með litlum árangri. Í nýlegri alþjóðlegri könnun, sem gerð var á vegum OECD í 31 landi um færni grunnskólabarna í raungreinum, höfnuðu dansk-



ir nemendur í 22. sæti eða talsvert undir meðallagi. Til samanburðar má geta þess að íslenskir nemendur höfnuðu í 16. sæti í sömu könnun. Ennfremur vakti það athygli að Danmörk er í könnuninni eitt þeirra þriggja ríkja sem sýndu mestan mun á færni pílta og stúlkna í raungreinum og þar hallaði auðvitað á stúlkurnar.

Stórátak til að auka veg raun- og tæknigreina í danska skólakerfinu

Forysta Dansk industri leggur því til að stjórnvöld taki rækilega til hendinni og grípi til þeirra ráða sem duga til að styrkja enn frekar samfellda kennslu í raungreinum allt frá fyrsta til tíunda bekkjar grunnskólans. Umbætur í kennslu raungreina í skólakerfinu eiga, að mati Dansk industri, að byggjast á nýrri faglegri og kennslufræðilegri hugsun. „Það þarf að gera þjóðaráttak til að raungreinar öðlist þann sess sem þeim ber í menntakerfinu og að kennslan miðist miklu meira en nú er við að finna raunverulegar, tæknilegar lausnir sem geta leitt til víðtæks skilnings á sambandi náttúru, tækni og samfélags.

*Þóra Kristín Jónsdóttir
þýddi og endursagði úr bæklingi Dansk industri,
Nye veje til fremtidens folkeskole*

Útboðsverkefni á árinu fyrir um 75 milljarða króna

Húsfylli var á árlegu útboðspingi Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda sem var haldið á Hótel Loftleiðum í lok janúar. Fundargestir voru um 130 og hafa aldrei verið fleiri. Tilgangur Útboðspings er að fá yfirlit yfir helstu framkvæmdir á þessu ári á vegum ríkis og sveitarfélaga en þingið gefur jafnframt góða vísbendingu um ástandið á þessum viðkvæma markaði. Flest bendir til að á þessu ári verði boðin út verkefni á vegum stærstu opinberu verkkaupanna fyrir um 75 milljarða króna.

Verkkaupum þakkað gott samstarf við SI

Fulltrúar stærstu verkkaupa landsins í mannvirkjagerð kynntu fyrirhuguð útboð á árinu en þeir eru Framkvæmdasýsla ríkisins, Landsvirkjun, Siglingastofnun, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær sem nú tók þátt í þinginu í fyrsta sinn. Af því tilefni sagðist Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, binda vonir við að fleiri sveitarfélög og einkaaðilar sláist í hópinn og þakkaði jafnframt verkkaupum fyrir gott og vaxandi samstarf við Samtök iðnaðarins sem m.a. er fólgið í að innleiða aðferðir gæðastjórnunar eða gæðatryggingar við verklegar framkvæmdir.



Reykjavíkurborg:
Ingibjörg Sólrún
Gísladóttir borgarstjóri



Reykjavíkurborg

höfuðstöðvar, stækkun Nesjavallavirkjunar og dreifikerfin þrjú. Hálfur annar milljarður fer til framkvæmda við skóla, tæpir þrjú milljarðar til gatna- og fráveitugerðar, tæpur milljarður í tvö bílastæðahús og 5,5

milljarðar til íþróttamannvirkja.

Þá er stefnt að því að flýta framkvæmdum á þessu og ári og næsta í samráði við ríkið. Að lokum skýrði Ingibjörg Sólrún frá nýjum reglum um opinber innkaup borgarinnar.



Framkvæmdasýsla
ríkisins: Óskar
Valdimarsson forstjóri



Framkvæmdasýsla ríkisins

Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins kynnti framkvæmdir á vegum ýmissa ráðuneyta sem FR hefur umsjón með en þær nema um 5,5 milljörðum króna. Stærstu útgjöldin eru á vegum menntamálaráðuneytis

sem ver tæpum tveimur milljörðum til ýmissa verkefna. Þar má nefna 800 milljónir króna til skólabygginga á háskóla og framhaldsskólástigi. Þá er ráðgert að verja um milljarði til framkvæmda víða um land á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis og fjármálaráðuneytið ver álfka fjárhæð til viðhalds hvers kyns fasteigna í eigu ríkissjóðs. Þá vekur athygli að umhverfisráðuneytið áætlað að verja milljarði til framkvæmda við snjóflóðavarnir ofan byggðar á Siglufirði og Seyðisfirði.

Þrjú stór verkefni, sem alls munu kosta um 3,5 milljarða, eru á undirbúningsstigi. Þau varða snjóflóðavarnir, byggingu fangelsis á Hólmsheiði og nýja ráðuneytisbyggingu við Sölvhólsgötu og má búast við að þau verði boðin út á næsta ári.

Siglingastofnun

Gísli Viggósson, forstöðumaður hafnasviðs, kynnti framkvæmdir við hafnir og sjóvarnir á þessu ári en þess ber að geta að framkvæmdirnar eru háðar því að Alþingi samþykki samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014. Gísli minnti á að sveitarfélögin ættu hafnirnar og væru því verkkaupar en Siglingastofnun hefði eftirlit með höndum en sjóvarnir væru alfarið í hennar verkahring. Alls er gert ráð fyrir að verja tæplega 2,4



Siglingastofnun:
Gísli Viggósson forst.m.
hafnasviðs



á Seyðisfirði er á lokastigi og verður fullbúið 25. mars nk. Þegar Norræna kemur þangað í fyrstu ferð sinni á þessu ári.

milljörðum króna til nýframkvæmda við hafnir en þar af er hlutur ríkisins rösklega 1,5 milljarðar. Til sjóvarna er áætlað að verja 113 milljónum króna í 20 sveitarfélögum.

Gísli lét þess getið að af þeim verkefnum, sem boðin voru út í fyrra, væri 9 enn ólok- ið. Stórverkefni við ferjulægi og grjótgarda


Vegagerðin



Vegagerðin:
Rögnvaldur Gunnarsson forst.m. framkv.d.



milljörðum eða 13–14 milljörðum á ári sem er talsverð aukning samanborið við 11,4 milljarða á sl. ári. Áætlunin skiptist í grunnnet og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni en nákvæm skipting næstu fjögur árin bíður ákvörðunar Alþingis. Kostnaður við þessi verkefni á árunum 2003–2006 nemur samtals tæpum 23 milljörðum króna, samkvæmt tillögu um samgönguáætlun. Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir að verkefnum verði hraðað til að draga úr vegafremkvæmdum meðan virkjanafremkvæmdir verða í hámarki. Skoðað verður hvaða verkefnum má e.t.v. flýta og verða þau þá væntanlega viðbót við það sem þegar er fyrirhugað að ráðast í næstu mánuði. Meðal stórra verkefna má nefna breikkun Reykjanesbrautar, jarðgangagerð í Fá-



skrúðsfirði og Héðinsfirði, þverun Kolgrafarfjarðar og gerð nokkurra mislæggra vegamóta á höfuðborgarsvæðinu.



Landsvirkjun: Agnar Olsen fr.kv.stj. verkfræði- og fr.kv.sviðs

Landsvirkjun

Landsvirkjun

Agnar Olsen, framkvæmdastjóri Verkfræði- og framkvæmdasviðs, sagði m.a. að orkusala Landsvirkjunar byggðist á því að stór kaupandi falaðist eftir orku en engin aukning væri á sölu á almennum markaði. Nú væru mörg járn í eldinum víða um land og Landsvirkjun yrði að

vera búin undir orkusölu á nýjum markaði. Í því skyni væri áætlað að verja tugum milljarða króna til ársins 2006 einkum vegna framkvæmda við Kárahnjúka- og Norðlingaölduvirkjanir og línu frá Sultartanga að Grundartanga og línu frá Kárahnjúkum til Reyðarfjarðar. Þá væru virkjunarmöguleikar neðarlega í Þjórsá og á jarðhitasvæði við Torfajökul. Agnar sagði vonast til að sjá fyrir endann á samningaviðræðum við ítalskt verktakafyrirtæki í lok þessa mánaðar um stíflu og aðveitugöng sem eru tvö stærstu verkefni við Kárahnjúkavirkjun. Þá væru í undirbúningi mörg önnur verk henni tengd sem yrðu boðin út á þessu ári. Fyrirvari um virkjun við Norðlingaöldu væri til meðferðar hjá umhverfissráðuneyti en fáist leyfið verður

6–7 milljarða króna verk boðið út á þessu ári.

Kópavogsbær

Gunnar Birgisson, formaður bæjarráðs, sagði að varið yrði rösklega tveimur og hálfum milljarði til nýframkvæmda á vegum bæjarins á þessu ári. Mestir fjármunir,



Kópavogsbær: Gunnar Birgisson formaður bæjarráðs



KÓPAVOGSBÆR

eða nokkuð á annan milljarð króna, fara í íþróttamannvirki og skólahúsnæði. Þar á meðal er nýr skóli í Sölunum en framkvæmdum við hann á að ljúka í haust. Til gatnakerfisins verður varið tæplega 622 milljónum króna, aðallega vegna nýframkvæmda. Gunnar sagðist gera ráð fyrir að allmörg útboð yrðu frá febrúar fram í apríl og gat þess jafnframt að gífurlegt fjármagn rynni frá Vegagerðinni til framkvæmda á svæðinu.

Nánari upplýsingar um útboðsmál er að finna á vefsetrinu si.is og hjá Árna Jóhannsyni og Eyjólf Bjarnasyni í síma 591-0100

Dóra Kristín Jónsdóttir



Nýútskrifaðir sveinar í málmiðnaði



Nýlega tóku nokkrir sveinar við sveinsskírteinum sínum í málmiðnaði. Myndin er tekin við það tækifæri.

Nýjar innkaupareglur Reykjavíkurborgar

Nýverið samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur fyrst sveitarfélaga reglur um innkaup sín og tóku þær gildi 1. febrúar. Jafnframt samþykkti borgarstjórn innkaupa- og útbóðsstefnu þar sem tiltekin eru markmið og áherslur sem stefna ber að í innkaupamálum. Engar sérstakar reglur hafa hingað til gilt um þau innkaup sveitarfélaga sem eru undir viðmiðunarmörkum EES.

SI hafa margsinnis lagt til að þessi veigamiklu innkaup verði samræmd. Eins og fyrir segir ríður Reykjavíkurborg á vaðið og setur sér reglur sem vonandi leiða til þess að önnur sveitarfélög geri slíkt hið sama. Brýnt er fyrir þá sem bjóða sveitarfélögum vöru eða þjónustu að verklag og starfshættir sveitarfélaganna verði samræmdir.

Útbóð meginregla

Meginregla Reykjavíkurborgar varðandi innkaup er að beitt skuli útbóðum. Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegrar fram-

kvæmdar fer yfir 20 milljónir króna, hvort sem um nýframkvæmd eða viðhaldsverkefni er að ræða, skal efna til útbóðs. Ef áætluð fjárhæð kaupa á þjónustu fer yfir 10 milljónir króna eða yfir 5 milljónir króna vegna vörukaupa, skal sömuleiðis bjóða út. Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu, sem margir geta sinnt vöru, sem margir selja eða geta útvegað, skal almennt viðhafa opið útbóð. Ef lokað útbóð er viðhaft þá skal það ekki gert nema að undangengnu forvali.

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar mun eftir sem áður annast innkaup borgarinnar. Hinar nýju reglur gilda fyrir borgarsjóð Reykjavíkur og stofnanir hans, þ.m.t. Fráveitu Reykjavíkur, Bilastæðasjóð Reykjavíkur og Reykjavíkurhöfn

Bættir viðskiptahættir

Reglunum er ætlað að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum borgarinnar og tryggja gæði vöru, þjónustu og þeirra verka sem keypt eru. Jafnframt er þeim ætlað að stuðla að góðum viðskipta-

háttum og tryggja að stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti. Ennfremur er reglunum ætlað að stuðla að því að almennt kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanleika í framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar. Þeir, sem telja á sér brotið, geta áfrýjað til innkauparáðs. Hins vegar geta aðilar sent kærur til kærunefndar útbóðsmála ef viðmiðunarfjárhæð nær lágmarki viðmiðunarmarkna EES.

Árni Jóhannsson

Íslenskir aðalverktakar

Viðurkenning fyrir góðan aðbúnað



Finnbjörn A. Hermannsson formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur afhendir Stefáni Friðfinnsyni viðurkenninguna

Trésmiðafélag Reykjavíkur veitti nýlega Íslenskum aðalverktökum viðurkenningu fyrir góðan aðbúnað starfsmanna á vinnustöðum við Klapparhlíð og Skálahlíð í Mosfellsbæ.

Finnbjörn A. Hermannsson, formaður félagsins gat þess við þetta tækifæri að félagið hefði veitt fyrirtækjum slíka viðurkenningu frá árinu 1985. Hann sagði að sérstök aðbúnaðarnefnd félagsins færi á vinnustaði til að kanna aðstæður og tæki einnig við ábendingum félagsmanna um það sem vel væri gert. Það hefði verið samdóma álit nefndarinnar að Íslenskir aðalverktakar bæru af að þessu sinni hvað varðaði aðbúnað starfsmanna.

Íslenskir aðalverktakar hefðu áður verið meðal þeirra fyrirtækja sem hafa sinnt þeim málum vel en hefðu einnig haft forgöngu um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys og álagssjúkdóma starfsmanna sinna.

Stefáni Friðfinnsyni, forstjóri Íslenskra aðalverktaka sagðist veita viðurkenningunni viðtöku með mikilli ánægju. Fyrirtækið hefði allt frá upphafi lagt mikla áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og góðan aðbúnað enda skilaði það betri árangri og fyrirtækið hefði hag af því.

Dóra Kristín Jónsdóttir

Viðtal við Víði Jóhannsson í Múr og mál

Ekkert verkefni of stórt eða of lítið

Múr og málningarþjónustan Höfn ehf. hefur frá upphafi sérhæft sig í húsa- viðgerðum en tekur einnig að sér alla almenna byggingavinnu. Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að halda úti vinnu allan ársins hring. Víðir Jóhannsson, framkvæmdastjóri, segir að mikið sé fyrir því haft en þannig hafi tekist að eiga jafnan á að skipa öflugum starfslíði sem býr yfir viðtækri þekkingu og reynslu á sínu sviði.

Fyrirtækið var stofnað á Höfn í Hornafirði árið 1982 og starfaði þar til 1989 en fluttist þá til Reykjavíkur. Eigendur þess eru þeir Víðir Jóhannsson, málarameistari og Sigurvin Ármannsson, múrarameistari. Starfsmenn eru að jafnaði 40 til 50, þeirra á meðal eru múrarar, málara, trésmíðir verkamenn, byggingafræðingur.

Fagmennska í fyrirrúmi

Víðir segir að eftir flutninginn frá Hornafirði hafi fyrirtækið að mestu byrjað upp á nýtt. Fáeinir starfsmenn hafi flutt með því til Reykjavíkur en aðrir verið farnir áður og gengið í lið með því að nýja. Hann segir að fagmennska sé höfð í fyrirrúmi og mikil áhersla lögð á að eiga góð samskipti við viðskiptavinina. Sumir þeirra eru fastir viðskiptavinir og semja um viðhaldsþjónustu allan ársins hring ef svo ber undir. Þar á meðal eru stór bygginga-fyrirtæki opinberir aðilar svo sem ríki og borg og almennir íbúðaeigendur en nær öll verk eru tilboðsverkefni.

Viðhaldsverkefni og nýbyggingar

Stærstu verkþættirnir eru múrverk og málningarvinna utanhúss sem innan og undanfarnir ár hefur Múr og mál m.a. klætt mörg hús svonefndri Ímúrklæðingu og steinað margar fasteignir. Málningarvinna er einnig stór þáttur í starfsemi en fyrirtækið tekur líka að sér hvers kyns trésmíðaverkefni. Þótt viðhaldsverkefni séu langfyrirferðarmesti þátturinn í rekstrinum hefur Múr og mál einnig tekið að sér að byggja hús frá grunni og skila þeim fullbúnum.

Tilboðspakki

Múr og mál gerir viðskiptavinum sínum tilboð í verk þeim að kostnaðarlausu en býður ennfremur eins konar tilboðspakka. Í honum er innifalinn úttekt af hálfu byggingafræðings fyrirtækisins, magn-tölur, einingarverð, verklýsingar. Að úttekt lokinni fær viðskiptavinurinn fær tvær bækur með fyrrgreindum upplýsingum en í annarri þeirra kemur einingaverðið ekki fram til að aðrir verktakar geti boðið í verkið á sömu forsendum. Víðir segir að í kjölfarið geti viðskiptavinurinn valið hvort hann semur við Múr og mál um að taka að sér verkið eða fær aðra verktaka til að bjóða í það. Verði Múr og mál fyrir valinu dregst kostnaðurinn vegna útboðspakkans frá heildarverðinu. Með þessum hætti er allt klippt og skorið, nákvæmlega sagt hvað á að gera og hvernig.

Gæðakerfi SI óþrjótandi hugmyndabanki

Víðir lætur þess getið að gæðakerfi, sem



þróað hefur verið hjá Samtökum iðnaðarins, hafi nýst fyrirtækinu vel. Það auðveldi mjög öll samskipti verktaka og verkkaupa og auki mjög gæði þeirra vinnu sem innt er af hendi. Hann segir að gæðakerfið hafi reynst fyrirtækinu óþrjótandi hugmyndabanki sem hægt er að laga að þörfum fyrirtækisins hverju sinni og nýta hvað eftir annað. „Það hefur m.a. dugað okkur vel þegar eitthvað fer úrskedis því að þá er hægt að rekja verkferilinn og leysa málin með auðveldari hætti en annars væri kleift,“ segir Víðir Jóhannsson.“

Bóra Kristín Jónsdóttir

Nýjar og nýlegar reglugerðir á matvælasviði

Eftirtaldar reglugerðir og breytingar á reglugerðum á matvælasviði hafa birst á síðustu mánuðum:

Reglugerð nr. 667/2002 um breytingu á reglugerð nr. 542/2000 um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

Reglugerð nr. 357/2002 og 868/2002 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum

Reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum með breytingu nr. 658/2002.

Reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur.

Reglugerð nr. 876/2002 um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Reglugerð nr. 798/2002 um kakó- og súkkulaðivörur.

Reglugerð nr. 757/2002 um sérfaði.

Reglugerð nr. 751/2002 um tilteknar epoxý afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

Allar reglugerðirnar er að finna á vef Matvælasviðs Umhverfisstofu: www.hollver.is undir Lög og reglugerðir.

Ný innkaupastefna ríkisins

Á Útbodspingi SI í janúar kynnti Guðmundur Ólason, stjórnsýslufræðingur og starfsmaður fjármálaráðuneytisins, nýja innkaupastefnu ríkisins. Í máli Guðmundar kom m.a. fram að markmiðið með innkaupastefnunni væri að skapa traust og áreiðanlegt umhverfi í opinberum innkaupum. Innkaupastefnan nær til ráðuneyta, ríkisstofnana og ríkisaðila og markar jafnframt áherslur og markmið í innkaupum ríkisins á árunum 2003 – 2006. Ríkisstjórnin leggur kapp á að tryggja verði að öll opinber innkaup séu hagkvæm,

opin, ábyrg og sanngjörn og tilhögun innkaupa miði að því að efla samkeppni á markaði.

Með innkaupastefnunni eru sett skilgreind mælanleg markmið fyrir ríkið í heild, einstök ráðuneyti og varðandi einstök áhersluverkefni en þeirra á meðal má nefna rafræn viðskipti og samræmd innkaup. Jafnframt eru tilgreindar sérstakar forsendur sem leggja á til grundvallar undirbúningi og framkvæmd innkaupa ríkisins. Lögð er áhersla á að innkaup varði ekki einungis vöru, þjónustu eða verk sem

keypt er heldur allt það ferli sem á sér stað frá því að ákvörðun um innkaup er undirbúin og þar til viðkomandi innkaup eru hætt að nýttast.

Tiltekin verkefni eða rekstrarþættir verði boðnir út

Lögð er áhersla á að stjórnendur séu meðvitaðir um kostnað einstakra verkefna í rekstrinum og hver er kostnaður við samþættingu verkefni á almennum markaði. Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni sé hægt að ná markmiðum um hagræðingu, aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.

Ábyrgð stjórnenda

Innkaupastefnan er leiðbeinandi fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir en gerir jafnframt kröfur um að farið sé að settum leikreglum og sýnt fram á skilgreindan sparnað á næstu árum. Framkvæmd innkaupa fylgir ábyrgð þar sem verði er að ráðstafa fjármunum ríkisins og varðandi meðferð þeirra fjármuna hvílir skylda á þeim sem bera ábyrgð á og annast innkaupin.

Stefnan lögð til grundvallar innkaupum

Innkaupastefna ríkisins hefur ekki lagalegt gildi en ætlast er til að ráðuneyti og ríkisstofnanir leggi hana til grundvallar innkaupum sínum. Efnisatriði stefnunnar hafa því gildi stjórnsýslufyrirmæla fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir. Innkaupastefnan byggist á umbótum í lagalegu umhverfi opinberra innkaupa og skapar þann ramma sem ríkið ætlar sér að vinna eftir innan þess lagaumhverfis sem mótað hefur verið.

Dóra Kristín Jónsdóttir

Námskeiðin „Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir“ út á land

Mikil og góð þátttaka hefur verið í námskeiðunum „Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir“ sem Samtök iðnaðarins hafa haldið á síðustu misserum í samvinnu við helstu verkkaupa landsins.



takar geti metið eigin getu til að verða við kröfum verkkaupa og sem fulltrúar verkkaupa séu þeir í stakk búnir til að fylgja þessum kröfum eftir í samstarfi við verktakann.

Vaxandi kröfur

Það er að verða staðreynd að fyrirtæki þykja ekki lengur gjaldgeng á markaðnum nema þau geti sýnt fram á trúverðuga verkefnastjórnun strax við undirskrift samnings með því að leggja fram skjalfesta gæðatryggingu á þeim vinnubrögðum og innra eftirliti sem þeir hyggjast beita við framkvæmdina.

Gildir bæði um hönnun og framkvæmd

Þess má geta að Framkvæmdasýsla ríkisins hefur gefið yfirlýsingu um að innan þriggja ára muni hún ekki skipta við hönnuði sem ekki eru með virkt gæðakerfi og að innan fimm ára muni hún ekki skipta við hönnuði sem ekki eru með vottað gæðakerfi.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á vefsetrinu www.gsi.is og hjá Ferdinand í síma 591-0127.

Haldin hafa verið sjö námskeið á höfuðborgarsvæðinu og þrjú á Akureyri. Samtals hafa nálægt tvö hundruð manns sótt þessi námskeið.

Mikið lof hefur verið borið á gagnsemi námskeiðanna fyrir verktaka jafnt sem verkkaupa, eftirlitsmenn, hönnuði og undirverktaka. Námskeiðin eru byggð gagngert á samræmdum kröfum verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir.

Námskeið í öllum fjórðungum

Nú hefur verið ákveðið að halda námskeið í öllum landsfjórðungum og mun fyrsta námskeiðið verða haldið á Egilsstöðum 20. febrúar. Næsta námskeið þar á eftir verður haldið á Selfossi 6. mars og síðan á Ísafirði 20. mars.

Eitt af helstu markmiðum þessara námskeiða er að þátttakendur sem verk-



Markviss þróun atvinnulífs

Svo er að sjá að all völdtæk pólitísk samstaða sé meðal landsmanna um að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir, greiði fyrir það gjald í ríkissjóð. Alþingi hefur tekið undir þetta sjónarmið og lagt auðlindagjald á útgerðir. Afraksturinn á að nota til að efla vísindarannsóknir á lífríki sjávar við landið. Talsmenn útgerða hafa bent á að úr því að þeim sé gert að greiða slíkt gjald sé eðlilegt að leggja sams konar gjald á nýtingu annarra sameiginlegra auðlinda og tryggja þannig að atvinnugreinar sitji allar við sama bord. Margt bendir til að um þetta sjónarmið geti orðið almenn samstaða og Alþingi muni fyrir eða síðar leggja gjald á afnot annarra auðlinda.

Nýting náttúruauðlinda

Þróun íslensks atvinnulífs hefur einlægt byggst á því að nýta auðlindir og koma afrakstri þeirra sem fyrst í verð. Þetta hefur gefist vel hingað til og orðið til þess að á Íslandi er mikil velferð. Áfram verður gerð krafa um að við fyllum flokk velferðarþjóna og bættum lífskjörin í takt við það sem best gerist. Á síðari árum hafa menn þó leitt hugann að því að ekki sé endalaust hægt að auka þjódartekjur með því að ganga á náttúruauðlindir enda eru þær takmarkaðar og náttúruvernd á auknu fylgi að fagna. Ef við ætlum að gera hvortveggi á senn, að tryggja hér bestu lífskjör og settast sem þjóð í umgengni við náttúruna, þarf samhliða skynsamlegri nýtingu auðlinda að hyggja að nýjum leiðum.

Andstæð sjónarmið

Nú eru fyrirhugaðar gríðarlegar framkvæmdir á sviði orku- og stóriðju og um þær er ákaft deilt í þjóðfélaginu. Fylgjendur framkvæmdanna hafa bent á að þeim fylgi umtalsverð aukning þjóðartekna og að þær stuðli að bættum lífskjörum þegnanna. Aðrir fullyrða að hér sé of miklu til fórnað og spjöll á náttúrunni séu mikill ábyrgðarhluti og ekki réttlætunleg. Hvað sem þessum deilum líður bendir flest til að ráðist verði í umræddar framkvæmdir og

upp rísi mikil virkjun, nýtt álver byggt og þau stækkuð sem fyrir eru. Vonandi ganga allar væntingar um arðsemi, hagvöxt og styrkari stöðu dreifbýlisins eftir og að hagar landsmanna allra batni við uppbyggingu og rekstur nýrra fyrirtækja.

Auðlindagjald orkuvera

Leiði umræðan um gjald af notkun sameiginlegra auðlinda til þess á næstunni að orkufyrirtæki okkar greiði auðlindagjald í sameiginlegan sjóð landsmanna er tímaþætt að hugleidda hvernig þeim fjármunum verður best varið. Á að setja þá óskilgreinda í ríkissjóð og verja í öll þau málefni sem ríkisstjórnunum hugkvæmist að styrkja á komandi áratugum? Eða er vænlegra að huga að enn frekari atvinnuuppbyggingu og eynamerkjia þennan afrakstur strax því málefni líkt og gert var með auðlindagjald sjávarútvegsins?

Ný auðlind

Vitað er að aðgengi að miklum náttúruauðlindum þarf ekki nauðsynlega að vera grundvöllur hagsældar þjóða. Nægir að nefna Dani sem eru næsta snauðir af slíkum lindum en þeim hefur samt tekist að byggja upp atvinnurekstur sem er grundvöllur einnar mestu hagsældar sem um getur. Danska þjóðin, og raunar margar fleiri, hafa lagt áherslu á að virkja tækni- og verkmenntun þegnanna til mikillar verðmætaframleiðslu og fylgt því eftir með útrás á alþjóðamarkaði. Slík auðlind verður því aðeins að veruleika að skólar og menntakerfið í heild sé fært um að mennta unga fólk í samræmi við þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. Þar er að finna uppsprettu auðlegðar sem ekki er síður verðmæt en margar náttúruauðlindir. Það er því vel þess virði að skoða af fullri



Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson starfsmaður Marel's stendur við CNC tölvustýrðan rennibekk

alvöru hvort við Íslendingar ættum, eins og margar aðrar þjóðir, að feta þennan veg og leggja með því grunn að breyttri þróun atvinnulífsins.

Arðvænleg fjárfesting

Við leggjum hlutfallslega minnst af þjóðartekjum okkar til menntunar miðað við nágranna- og samkeppnisþjóðir okkar og sýnu minnst til tækni- og verkmennta. Því miður hefur þetta bil heldur breikkað undanfarin ár og þess vegna er full ástæða til að staldra við, leita áttu og spyrja hvert ferðinni sé heitið. Er svarið að halda áfram að treysta nær eingöngu á auðlindirnar til að auka þjóðartekjurnar eða viljum við söðla um og þróa jafnframt tækniþjóðfélag, sem framleiðir dýrar og eftirsóttar vörur á alþjóðamarkað? Til að það takist þarf að auka fjárframlög til umbóta í menntakerfinu og leggja sérstaka áherslu á eflingu verk- og tæknimennta. Miðað við reynslu annarra þjóða er það einhver arðvænlegasta fjárfesting sem hægt er að ráðast í. En til þess þarf vilja, stefnufestu og þrautseigju.

Bestu lífskjörin

Því er full ástæða til að ígrunda hvort rétt sé að móta þá stefnu að auðlindagjaldi, sem orkufyrirtæki landsins verður væntanlega gert að greiða, verði varið til að stórefla verk- og tæknimenntun í landinu. Á þann hátt yrði lagður traustur grunnur að framtíðaruppbyggingu tæknisamfélags sem getur keppt við aðrar þjóðir á alþjóðamörkuðum og tryggt um leið bestu lífskjör þegnanna.

Ingólfur Sverrisson

Iðnþing 14. mars 2003

Dagskrá

10:00

Afhending fundargagna

10:10

Hefðbundin aðalfundarstörf

1. *Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár*
2. *Ársreikningar Samtaka iðnaðarins*
3. *Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs*
4. *Lýst kjöri formanns og meðstjórnenda*
5. *Kjör í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins*
6. *Kosning löggilts endurskoðenda*
7. *Kosning kjörstjóra og aðstoðarmanna hans*
8. *Önnur mál:*

*Almennar umræður um innri mál SI, störf og stefnu
Ályktun Iðnþings*

12:00

Opin dagskrá

Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins

Ræða formanns, Vilmundar Jósefssonar

Ræða iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur

14:15

Umbreyting íslensks atvinnulífs

- staldrað við árin 1993, 2003 og 2013 -

Útrásin, útflutningur og fjárfestingar erlendis.

Róbert Wessman, forstjóri Delta hf.

Samsetning atvinnulífsins og líklegar breytingar næsta áratug.

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands

Starfsskilyrðin. Hvernig fáum við erlend fyrirtæki til landsins og hvað er á því að græða?

Þórólfur Arnason, borgarstjóri í Reykjavík

Staða Íslands í samfélagi þjóðanna. Hvar verðum við árið 2013?

Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands

16:15

Iðnþingi slitið



Samtök iðnaðarins